

12. gr.

Telji stjórn sjóðsins að hann geti ekki á einhverjum tíma gegnt hlutverki sínu getur hún ákveðið að leggja hann niður, enda sé hún einhuga um það og dómsmálaráðherra heimili.

Eignum sjóðsins skal þá verja til málefna sem stjórnin telur best falla að hlutverki hans.

13. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari og fellur þá jafnframt úr gildi skipulagsskrá sjóðsins sem staðfest var í desember árið 1937.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 9. desember 2004.

F. h. r.

Hjalti Zóphóníasson.

Bryndís Helgadóttir.

REGLUGERÐ

um eingreiðslur til elli- og örorkulífeyrisþega árið 2005.

1. gr.

Á fjárhæðir tekjutryggingar og tekjutryggingarauka skv. 17. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, og fjárhæð heimilisuppbótar skv. 9. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, skal greiða uppbætur sem hér segir á árinu 2005:

- a) Í júlí 2005 20% uppbót á þessar fjárhæðir vegna orlofsuppbótar.
- b) Í desember 2005 30% uppbót á þessar fjárhæðir vegna desemberuppbótar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 66. gr., sbr. 65. gr., laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum og 15. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 472/2004 um eingreiðslur til elli- og örorkulífeyrisþega árið 2004.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 7. desember 2004.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.